



## Vorönn 2013 Áfangalýsing

Námsgrein: **Náttúrufræði**  
Áfanganúmer: **ENS3B040**  
Fjöldi framhaldsskólaeininga: **2**  
Áfanginn er á: **3. þrepi**  
Undanfari: **ENS3A040**

### Námsgögn:

- **Horizons**
- **The Faber Book of Science** eftir John Carey
- **Myndbönd, blaða- og tímaritsgreinar**

Kennari: **Ghasoub Abed**

### Lýsing á efni áfangans:

Þetta er lokaáfangi í ensku í kjarna á raungreinasviði. Megináhersla er á lestur vísindatengdra greina, þjálfun í notkun heimilda og smíði ritgerða. Auk þess verður lögð áhersla á þjálfun í gagnrýninni hugsun þar sem siðferðileg álitaefni og ábyrgð eru til umfjöllunar. Nemendur taka þátt í rökræðum og kynningum, skila skýrslum og ritgerð. Nemendur fá tækifæri til að tvinna saman þekkingu sína á raungreinum og enskri tungu og vinna að verkefni tengt sínum hugðarefnum. Kennslan fer fram með hefðbundnum hætti, þ.e. fyrirlestrar, kynningar og umræður. Það er æskilegt að nemendur mæti vel og taki virkan þátt í kennslustundum í umræðum og kynningum. Kennslan fer fram á ensku.

### Vinnuáætlun:

Dagset.	<i>Horizons</i> – pp.	<i>FBS</i> (á fimmtud.)- pp.	Ritun
feb. 4-8	79-86		
feb. 11-15	87-95	204-231	Skil á 1. ritun
feb. 18-22	96-102	232-259	
feb. 25-mars 1	103-110	260-290	
mars 4-8	111-118	291-317	
mars 11-15	119-126	318-344	
mars 18-22	127-134	345-374	
mars 25-apríl 2		Páskafrí	
apríl 3-5	135-143		
apríl 8-19		Kynningar	
apríl 22-26	144-151	375-402	Skil á 2. ritun
apríl 29-maí 3	152-156	403-426	
maí 6-10	157-160	427-454	
maí 13-17		455-481, 508-516	
maí 21-24		Endum náð saman	

### Lokamarkmið áfangans:

*Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:*

- þverfaglegum orðforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi og/eða starfi.
- mismunandi málsiðum og geta beitt formlegu máli á lipran hátt t.d. í skýrslum og ritgerðum.

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í:*

- skilja vel sérhæfða texta á sviði sem hann þekkir eða hefur kynnt sér.
- lesa sér til ánægju eða upplýsingar texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðforða eða uppbyggingu.
- setja upp og skrifa ritgerðir sem uppfylla almennar kröfur um heimildanotkun.

*Nemandi skal geta nýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir og texta á gagnrýnan hátt.
- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og geta rökstutt mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og brugðist við fyrirspurnum.
- lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel.
- kynna mál sitt á skipulagðan hátt og færa rök fyrir máli sínu
- rita skilmerkilegan texta þar sem beitt er röksemdafærslu og fylgt er þeim ritunarhefðum sem eiga við hverju sinni.

### Námsmat:

Námsmatið byggir á virkri þátttöku nemenda í tímum og í verkefnavinnu og endurspeglar hæfniviðmið áfangans. Áfanginn er að miklu leyti símatsáfangi þar sem nemendur skila meðal annars kynningu og ritgerð. Áfanganum lýkur með lokaprófi.

Kynning (paraverkefni)	20%
<i>The Faber Book of Science</i>	20%
Ritun	20%
Lokapróf	40%
Samtals:	100%

### Réttur til breytinga er áskilinn.

Ghasoub Abed  
Janúar 2013